

26.4.2017

Ágætu starfsmenn nefndasviðs Alþingis,

Matís fagnar því að fá að senda inn athugasemdir við fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022. Helstu athugasemdir og ábendingar sem Matís hefur vegna hennar eru:

- Bls 64: Utanríkismál. Við teljum að fjármunum Íslands í þróunaraðstoð best varið við að byggja á styrkum stoðum og samkeppnisyfirburðum Íslands þar sem sérþekking okkar umfram aðrar þjóðir eru verðmætasköpum, matvælaöryggi og heilsa, veiðar og vinnsla og samþætting matvælaframleiðslu með áherslu á sjávarafurðir og nýtingu jarðvarma. Sérstök áhersla væri á verkefni með samþættingu matvælaframleiðslu og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til að veita þróunarlöndum heildstæðar lausnir til að tryggja fæðuöryggi og uppbyggingu landsins.
- Bls 65: Fögnum nr 7 styrkingu á nýsköpun og rannsóknum og aukningu framlaga í rammaáætlun ESB
- Bls 66: Ekki vikið að sjávarútvegi og ætla má þá að engar fjárfestingar séu í býgerðum. Ef marka má stefnumótun málefnasviðsins þá eru nefndar margar aðgerðir og réttast væri að gera þeim skil samanber öðrum köflum. Til að mynda að ná utan um tengingu útflutningsverðmæta við landaðar fisktegundir, eins má nefna nauðsynlega gagnagrunna
- Bls 66: Landbúnaðarmál. Við leggjum til að nýta áætlaðan niðurskurð í búvörusamningi og búnaðarlagasamnings í uppbyggingu rannsóknar, þróunar og nýsköpunar þekkingarlandbúnaðar og búa þar með í haginn fyrir hagkvæman reksturs sjálfbærs þekkingarlandbúnaðar sem þurfi síður á opinberum stuðningi opinberra aðila
- Bls 137: Þróunarsamvinna. Við fögnum því að utanríkisráðuneytið taki sérstaklega fram að ein höfuðáherslan sé „Bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenski sérþekkingu“, enda helst það mjög vel í hendur við getu Íslands á þessu sviði og heimsmarkmið Sp.
- Bls 139: Við teljum að fjármagn til Sjávarútvegsskóla HSP þurfi að hækka með sambærilegum hlutfallslegum hætti og gert er ráð fyrir að fjölgun nemenda frá Landgræðsluskóla HSP verði. Mikilvægt er að raunveruleg þróunarsamvinna víki ekki fyrir flóttamannahjálpi í fjárframlögum.
- Bls 163: Markmið 1. Það er vel mögulegt að fá fram árangurhlutfall íslenskra umsækjenda í rannsóknaráætlun ESB, sbr. Vinnova.se. Ástæðulaust er að setja ekki fram mælikvarða.
- Bls 165: Markmið 6: Hér er mikilvægt að gleyma ekki þekkingarlandbúnaði, sjávarútvegi og orkumálum.
- Bls 165: Markmið 7: Við teljum byggingarrannsóknir sé mjög þröngt skilgreint, nauðsynlegt er t.d. að auka rannsóknir á lýðheilsu, mataræði, mengandi efnum og áhrifum þeirra á líkamann, e.g. human biomonitoring
- Bls 167: Byggðamál. Við teljum nauðsynlegt að unnið sé á grundvelli stefnumótunar í byggðamálum á grunni heildarsamhengis lífhagkerfisins með nýtingu lífauðlinda og sérstöðu hvers byggðarlags fyrir sig sem styður við sjálfbæra menningar- og matvælatengda ferðaþjónustu hvers staðar fyrir sig og samþættingu allra atvinnugreina.
- Bls 218: Aðgerð 5: Mikilvægt er að vöktun á afurðum (sjávarfangi) sé bætt, ekki síður en vistkerfi hafs. Verðmæti útflutnings byggist á þeirri vöktun. Í farvatninu eru mjög hertar reglur um matvælasvindl (food fraud). Í kjölfar setningar þeirra mun mikilvægi slíkra upplýsinga enn aukast.
- Bls 218: Aðgerðir 3 og 7. Við teljum að styrkja þurfi sérstaklega gagnagrunn sem veitir upplýsingar um verðmætasköpun einstakra nytjategunda er varðar utanríkisviðskipti Íslands og nýtingu nytjategunda. Skv. opinberum tölum er „tegundin“ *annar afli* meðal mikilvægustu „fisktegunda“ sem við flytjum út. Þetta leiðir til ómarkvissari greiningarvinnu og ákvarðanatöku.

- Bls 228: Markmið 2: Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í sjávarútvegi og skyldri starfsemi. Athuga tölur um stöðu og viðmið með tilliti til veiða og/eða vinnslu. Við teljum þetta vanáætlaðar grunntölur ef vinnslan er meðtalin

Ég biðst forláts á hrárrí framsetningu, sem orsakast af litlum fyrirvara!



Kær kveðja / Best regards

Sveinn Margeirsson, Ph.D.
Forstjóri / CEO

Beint / Direct: (+354) 422 5125
GSM / Mobile: (+354) 858 5125